

T I L L A G A

til þingsályktunar um átak til aukins samstarfs sókna
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016)

Flutt af Gísla Jónassyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur,
Höllu Halldórsdóttur og Jónínu Bjartmarz
Frsm. Gísli Jónasson

Kirkjuþing 2016 beinir því til biskups Íslands, biskupafundar og kirkjuráðs að á næstu árum verði unnið að sérstöku átaki til að hvetja sóknir þjóðkirkjunnar til að huga að auknu samstarfi og jafnvel sameiningum þar sem það þykir henta og þá jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Jafnframt er því beint til kirkjuráðs að Jöfnunarsjóður sókna styðji þetta átak með því að úthluta styrkjum til þeirra sókna sem vilja sameinast skv. sérstökum reglum sem settar yrðu þar um.

Greinargerð:

Sóknir þjóðkirkjunnar voru alls 267 þann 31. des. 2015. Af þeim fjölda höfðu 91 eða 34% innan við 50 gjaldendur, 52 eða 19,5% höfðu á milli 50 og 99 gjaldendur og 28 eða 10,5% á milli 100 og 149 gjaldendur. Þetta þýðir m.ö.o. að 171 sókn eða 64% allra sókna á landinu höfðu innan við 150 gjaldendur. Alls tilheyrðu aðeins 5% gjaldenda þjóðkirkjunnar þessum 171 sóknum þótt hér sé um að ræða nánast 2/3 allra sókna á landinu.

Af þessu má ljóst vera að möguleikar margra safnaða til öflugs safnaðarstarfs eru mjög takmarkaðir og rekstur kirkjuhúsanna víða mjög erfiður. Og ekki hefur u.þ.b. 30% skerðing sóknargjaldsins frá 2008 bætt þar um. Þessi vandi er raunar ekki bara bundinn við fámennar sóknir á landsbyggðinni heldur eiga jafnvel margir stærri þéttbýlissöfnuðir einnig við verulega erfiðleika að etja við að halda uppi viðunandi þjónustu við sóknarbörn sín.

Verður því að telja brýna nauðsyn til þess, að þjóðkirkjan og söfnuðir hennar hugi að aukinni hagræðingu í rekstri og styrkingu starfsins með auknu samstarfi og jafnvel sameiningum þar sem því verður við komið. Slíkt hefur þegar verið gert á örfáum stöðum á landinu, eins og t.d. í Möðruvallaprestakalli og á Héraði og virðist þær tilraunir hafa gefist vel. Þá má nefna, að fyrir þessu kirkjuþingi liggur tillaga um sameiningu tveggja safnaða í fjölmennasta prófastsdæmi landsins og má telja líklegt að fleiri slíkir gætu fylgt á eftir ef vel tekst til.

Er því bæði tímabært, og raunar bráðnauðsynlegt, að á næstu árum verði hugað vel að þessum málum og unnið að sérstöku átaki til að hvetja söfnuðina til aukins samstarfs og/eða sameininga, og að Jöfnunarsjóði sókna veiti fjárhagslegan stuðning við slíkt átak. Því er þessi tillaga flutt. Biskupafundur hefur það lögboðna hlutverk að gera tillögur um skipan sókna og prestakalla og er því eðlilegt að hann hafi yfirsýn yfir þetta verkefni og stjórn á því. Kirkjuráð hefur gefið út kynningarefni um sameiningu sókna og má vafalaust nýta það til frekari kynningar.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt tillögu þessarar leiði af sér kostnað og er því ekki lögð fram kostnaðaráætlun með málinu.